

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2717  
komudagur 24.5.2011

**SFF**  
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2011

**Efni: frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum, þskj. 1398-788. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum. SFF vilja leggja áherslu slæm áhrif gjaldeyrishafta á efnahagslífið og að áhrif þeirra verða verri fyrir Ísland eftir því sem þau eru lengur í gildi. Það er því alvarlegt mál að verið sé að festa þau í sessi með lagasetningu. Ef frumvarpið verður samþykkt leggja SFF til að takmarka skaðleg áhrif gjaldeyrishaftanna með að stytta gildistími laganna til 31. desember 2013.

SFF leggja einnig áherslu á það að varasamt er að Seðlabankinn sé eftirlitslaus við veitingu undanþága frá lögnum. Telja samtökin því mikilvægt að ákvarðanir Seðlabankans sæti einhverri endurskoðun. SFF leggja til að sett verði á fót sérstök kærunefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða ákvarðanir Seðlabankans sé þess óskað. Þá leggja SFF einnig til að ákvarðanir Seðlabankans séu birtar opinberlega eins og dómur eftir að öll nöfn málsaðila hafa verið fjarlægð úr gögnum.

SFF gera eftirfarandi athugasemdir við einstaka ákvæði frumvarpsins.

**2. mgr. 13. gr. b. og 3. mgr. 13. gr. c.**

Samkvæmt ákvæðinu er einstaklingi sem er erlendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunir séu andvirði slysabóta eða arfs sem tæmst hefur við dánarbúskipti.

Ekki er hægt að skilja ákvæðið á anna hátt en að ekki sé gert ráð fyrir því að dánarbú eða aðrir erfingjar geti greitt arfinn beint til aðila erlendis. Heldur er heimildin bundin við arfþegann sjálfann. Samkvæmt þessu þarf því að greiða arf á reikning hér á landi í nafni erlends aðila sem er arfþegi. Það er hins vegar alls óvíst og misjafnt milli einstaklinga hvort erlendir aðilar séu með reikning hér á landi.

Í 3. mgr. 13. gr. c er samskonar vandamál þar sem heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri séu fjármunir vegna slysabóta eða arfs, en þar er heimildin bundin við einstaklinginn sjálfann.

**1. tl. 2. mgr. 13. gr. d.**

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 13. gr. d. skal gjaldeyri vera til þess ætlaður að greiða kostnað vegna ferðalaga erlendis. Í núgildandi reglum er talað um „notkun vegna ferðalaga erlendis“. Þessi orðalagsbreyting

getur haft þau áhrif að ekki megi kaupa vörur fyrir gjaldeyririnn og einungis sé heimilt að borga kostnað t.d. við samgöngur og gistingu. Samkvæmt athugasemdum í greinagerð segir að tilgangur þessarar undanþágu er fyrst og fremst að gæta þess að einstaklingar geti þrátt fyrir gjaldeyrishöftin haft með sér nægilegt reiðufé þegar þeir leggja í ferðalög til útlanda án þess að það vinna gegn markmiðum laganna. Það virðist því ekki vera tilgangur löggjafans að takmarka ráðstöfunarrétt einstaklinga á keyptum gjaldeyri. SFF leggja til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu til að koma í veg fyrir að þennan misskilning á ákvæðinu.

1. Að gjaldeyririnn sé ætlaður til notkunar ~~að greiða kostnað~~ vegna ferðalaga erlendis. Við kaup eða úttekt skal einstaklingur sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittunar fyrir greiðslu á ferð sinni sem fyrirhuguð er innan fjögurra vikna. Þegar um er að ræða áhafnar meðlimi sem ekki hafa farseðil skal sýnt fram á ferðalag með framvísun vaktaskípulags eða öðrum sannanlegum hætti.

### **3. tl. 2. mgr. 13. gr. d.**

Samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 13. gr. d. skal sýna fram á að einstaklingur, eða forráðamaður hans, sé eigandi fjármunanna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyririnn. Er hér um að ræða nýja takmörkun á heimild einstaklinga til að kaupa erlendan gjaldeyri.

SFF benda á að það er algengt í framkvæmd að þegar starfsmaður fyrirtækis fer í vinnuferð erlendis að lagður sé inná reikning viðkomandi peningur til að kaupa gjaldeyri fyrir ferðina. Samkvæmt þessari nýju takmörkun sem ákvæðið felur í sér leikur vafi á því hvort þetta verða áfram heimilt. Þá er einnig óljóst hversu langt fjármálafyrirtæki eigi að ganga í að sanna að viðkomandi sé í raun eigandi fjármunanna sem er verið að kaupa gjaldeyri fyrir. Óljóst er hvar á að draga mörkin við slíkt hvað t.d. ef einstaklingur fær peningagjöf 3 vikum áður en hann kaupir gjaldeyri og hversu langt aftur í tímann eiga starfsmenn fjármálafyrirtækja að fara þegar verið er að kanna hvort viðkomandi sé í raun eigandi fjármunanna? Þá er samkvæmt ákvæðinu foreldrum óheimilt að gefa fjárráða börnum sínum gjaldeyri eða kaupa fyrir þau gjaldeyri. Það er einnig mjög algengt í framkvæmd að einstaklingar komi að kaupa gjaldeyri fyrir alla fjölskylduna þ.e. börn og maka. Samkvæmt ákvæðinu er ekki heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka. SFF telja mikilvægt að ef ákvæðið verði að lögum að tryggja að einstaklingum verði a.m.k. heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir fjárráða börn, barnabörn og maka.

### **3. mgr. 13. gr. d.**

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. d. skal skila til fjármálafyrirtækis þeim hluta gjaldeyris sem keyptur er með vísan í 1.- 4. tl. 2. mgr. og ekki nýttur í fyrirhugaðri ferð.

SFF leggja mikla áherslu á það að ekki eigi að setja lög sem ekki er hægt að framfylgja. Ákvæðið fjallar ekki um það hvernig á að framfylgja skilaskyldunni, enda er í raun ekki hægt að framfylgja henni eða hafa eftirlit með að henni sé framfylgt. Sem dæmi má nefna þá taka engar fjármálastofnanir við smápeningum í erlendum gjaldeyri, einstaklingum er því ómögulegt að skila inn öllum afgangsgjaldeyri sem þeir koma með inn til landsins. Það er því enginn önnur leið í boði en að brjóta gegn ákvæðinu. Þá hefur ríkið enga raunhæfa möguleika á að hafa eftirlit með því að gjaldeyri sé í raun skilað inn þar sem

enginn leið er að vita hvort einstaklingar geymi afgangsgjaldeyri á heimili sínu. SFF leggja til að 3. mgr. 13. gr. d. verði látin niður falla.

**5. mgr. 13. gr. g**

Í 5. mgr. 13. gr. g er heimild til að framlengja lántökur eins og verið hefur. SFF telja hins vegar mikilvægt bæta við að heimilt sé að endurfjármagna lán. Eins og ákvæðið er orðað í dag er eingöngu heimild til að framlengja núverandi lán en ekki taka nýtt lán hjá öðrum lánveitanda og greiða hið fyrra niður. Sú staða getur komið upp að lánveitandi vilji ekki fallast á framlengingu og skuldarinn geti ekki greitt skuldina í heild sinni en standi samt til boða að fá fjármögnun annars staðar frá. Slíkt þarf að vera mögulegt.

SFF leggja til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir endurfjármögnun lána milli innlendra og erlendra aðila sé ekki möguleiki á framlengingu lánanna, skv. 5. mgr.

**13. gr. j.**

SFF vilja benda á að í greinagerð með 13. gr. j er að öllum líkindum villa, þar sem 2. og 3. mgr. athugasemdanna eru í algjörrri þversögn við hvor aðra. Í 2. mgr. segir að einungis sé heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti til að standa skil á greiðslum til erlendra aðila en í 3. mgr. er svo hins vegar heimild til að eiga í gjaldeyrisviðskiptum til að standa í skil á greiðslum til innlendra lánafyrirtækja.

Í athugasemdum í greinagerð við 13. gr. j segir í 2. mgr. :

Innlendum aðila er einungis heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti á grundvelli þessarar greinar til að standa skil á fyrrnefndum greiðslum til erlendra aðila.

Í 3. mgr. athugasemdanna segir hins vegar:

Það nýmæli er í frumvarpinu að kveðið er á um að innlendum aðila sé heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán.

Í 2. mgr. 13. gr. j. segir orðrétt að innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán. Því virðist vera um að ræða villu í 2. mgr. athugasemdanna með ákvæðinu.

**1. mgr. 13. gr. k.**

Í ákvæðinu er fjallað um heimild vegna gjafa eða styrkja innlendra aðila til erlendra. Í núgildandi reglum Seðlabankans er ekki tekið fram hvort gjöf eða styrkur þurfi að vera til erlends aðila t.d. vegna þess að margir aðilar geta borið sama nafn hvort sem um er að ræða íslending eða aðila með erlent nafn. Nær

Ómögulegt er fyrir fjármálafyrirtæki að hafa eftirlit með því hvort gjöf eða styrkur sé til erlendra aðila.  
SFF leggja því til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa innlendra aðila til einstaklinga og styrkja til góðgerðarsamtaka eða hliðstæðra aðila og aðrar sambærilegar hreyfingar fjármagns á milli landa, eru heimilar fyrir allt að 3.000.000 kr.

**1. mgr. 13. gr. o**

Í ákvæðinu er vísað til 7. gr. innan sama lagabálks, orðin „laga nr. 87/1992“ mega því falla brott.

SFF eru hvenær sem er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið sín frekar, verði þess óskað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur